

Námsvísir 2023-2024

10. bekkur

Námsgrein: Danska

Kennari: Tinna Ólafsdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

### Markmið / Hæfniviðmið

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Hæfniviðmiðunum í tungumálanámi er skipt upp í þrjú stig í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi. Grunnþættir tungumála eru lesskilningur, ritun, hlustun og talað mál (frásögn og samskipti) en að auki er lögð áhersla á menningarläsi og námshæfni nemenda.

Unnið er eftir lykilhæfni og hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla: <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-20>

### Kennsluaðferð / vinnulag

Skólaárinu hefur verið skipt upp í níu fjögurra vikna lotur. Hverri lotu fylgir lotuáætlun sem skipulögð er út frá þeim hæfniviðmiðum sem verið er að vinna að hverju sinni.

Notast er við námssvæðið Teams, þar er að finna lotuáætlanir með verkefnalýsingum og verkefnum er almennt skilað þar inn nema annað sé tekið fram.

Eftir innlögð kennara vinna nemendur eftir áætlun, markmiðið er að þeir beri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Unnið er í einstaklings-, para- og hópavinnu.

### Námsmat

Öll vinna nemenda er metin, þátttaka í tímum sem og verkefnaskil.

Eftir hverja lotu er nemendum gefin umsögn og vonast er til að nemendur geti nýtt þá endurgjöf til að efla sig og bæta í námi.

Námsmatsskjali verður deilt með nemendum, foreldrum og forráðamönnum þar sem allir aðilar geta fylgst með námsmati og framvindu námsins yfir skólaárið.

## Námsgögn

Bordbombe – Verkefnabók

Dejlige Danmark – Lesbók og verkefni

The Rain (þættir) – Áhorf, umræður og ýmis verkefni

Den nye lærer (bók) - Lestur og ýmis verkefni

Ýmis forrit og annað ítarefni frá kennara

Annað sem samræmist hæfniviðmiðum og er til þess fallið að vekja og viðhalda áhuga.